



Fundargerð
42. aðalfundar SASS
haldinn 28. og 29. október 2011
í Vík

1. Setning.

Elva Dögg Þórðardóttir, formaður SASS, setti fundinn og bauð fulltrúa velkomna.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Formaður tilnefndi Ásgeir Magnússon og Elínu Einarsdóttur sem fundarstjóra og Ásthildi Lárusdóttur og Kolbrúnu Möggu Matthíasdóttur sem fundarritara. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Í lok máls síns fól formaður fundarstjórum stjórn fundarins.

3. Kosning kjörbréfa- og kjörnefndar og fjárhagsnefndar.

Lögð var fram svohljóðandi tillaga stjórnar SASS að kjörbréfa- og kjörnefnd og fjárhagsnefnd:

Kjörbréfa- og kjörnefnd

Aðalmenn

Jóna Sigurbjartsdóttir formaður	Skaftárhreppi
Gunnar Þorgeirson	Grímsnes- og Grafningshreppi
Aldís Hafsteinsdóttir	Hveragerðisbæ
Gunnlaugur Grettisson	Vestmannaeyjabæ
Ísólfur Gylfi Pálmason	Rangárþingi- Eystra
Ari Björn Thorarensen	Sveitarfélaginu Árborg
Ásgrímur Ingólfsson	Sveitarfélaginu Hornafirði

Fjárhagsnefnd

Aðalmenn

Gunnsteinn R Ómarsson, formaður	Rangárþingi ytra
Ásta Stefánsdóttir, varaformaður	Sveitarfélaginu Árborg
Kristín Magnúsdóttir	Sveitarfélaginu Ölfus
Ingibjörg Harðardóttir	Grímsnes og Grafningshreppi
Margrét Sigurðardóttir	Flóahreppi

Var tillagan samþykkt samhljóða og tók Kjörbréfa- og kjörnefnd þegar til starfa

4. Ávarp Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra.

Í máli sínu fjallaði Ögmundur um erfiða fjárhagsstöðu margra sveitarfélaga á Íslandi og að 12 – 14 sveitarfélög hefðu verið til sérstakrar skoðunar hjá eftirlitsnefnd. Einnig nefndi hann að sveitarstjórnarmenn hefðu gagnrýnt að stór hluti aukaframlagsins sem fara átti til að létta undir með sveitarfélögunum í erfiðri stöðu færi allt til Álfтанess. Ögmundur sagði það sameiginlegt verkefni ríkis og sveitarfélaga að ráða fram úr fjárhagsvandannum að leita yrði leiða út úr vandanum með hagræðingu og án þess að segja yrði upp fólki. Ögmundur ræddi ný sveitarstjórnarlög og að um það verk hefði verið góð samvinna ríkis og sveitarfélaga, þá nefndi hann starfshóp sem hann hefur sett á laggirnar á að bera saman reglur um fjármál sveitarfélaga á norðurlöndunum m.a. 150 % markið. Ögmundur vék að endurskipulagningu lögreglu og sýslumannsembættu og að áform eru um að fækka lögregluembættum og að sýslumannsembættin verða skoðuð samhliða og mun þetta vera gert í samstarfi við embættin. Þá ræddi Ögmundur um lækkun á framlögum til samgangna á fjárlögum og fór yfir þær samgöngubætur sem lokið hefur verið við nýlega á Suðurlandi, og hvar úrbóta sé helst þörf.

Ráðherra nefndi sem dæmi um eflingu og samvinnu samninginn sem undirritaður var á liðnu sumri um að ábyrgð á almenningssamgöngum yrði flutt frá ríkinu til sveitarfélaga á svæðinu en hann á að ganga í gildi um næstu áramót

5. Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra.

Elva Dögg Þórðardóttir formaður SASS flutti skýrslu stjórnar. Greindi hún frá starfsemi SASS á árinu, s.s. þátttöku á fundum og nefndarstörfum á vegum SASS. Af helstu málum sem stjórn SASS hefur sérstaklega fjallað um á árinu nefndi hún Menntaverðlaunin, FSU hlaut þau. Menntaþing í Gunnarsholti þar sem húsfyllir var mikil ánægja var með. Þá gat hún þess að stjórn SASS hefði mótmælt harðlega niðurskurðartillögum ríkisstjórnarinnar í heilbrigðismálum á Suðurlandi en áformað var að skera niður um 16,3% endaði niðurskurðurinn í 15,7%. Staðið var fyrir undirskriftarsöfnun þar sem rúmlega 10.000 manns undirrituðu og voru þær afhentar ráðherra með viðhöfn við Alþingi. Þá nefndi hún orkumálaráðstefnu sem var haldin á árinu og ýmsa fyrirlestra. Brýn þörf er á fjölgun hjúkrunarrýma á Suðurlandi. Fundur var haldinn að Sogni, farið yfir framkvæmd lokunar réttargeðeildarinnar. Af öðrum verkefnum á vegum SASS nefndi hún Sóknaráætlun á Suðurlandi, Þekkingarsetur Kirkjubæjarklaustri og í Vestmannaeyjum, Geopark verkefnið og viðbyggingu við verknámshúss Fjölbrotaskóla Suðurlands, þrýst á um fjölgun hjúkrunarrýma. Yfirtöku á almenningssamgöngum á Suðurlandi sem stefnir að bættri þjónustu á öllum leiðum. Þá er í gangi verkefni um eflingu sveitarstjórnarstigsins með styrk frá jöfnunarsjóði. Nýr menningarsamningur var undirritaður. Málefni Suðurlandsvegur og voru haldnir fundir með ráðherra lagðar voru fram tvær tillögur önnur var án vegtolla, en hin að lagðir yrðu á vegtollar á alla vegi frá Reykjavík og tvíbreið jarðgöng. Þá nefndi hún einnig verkefni næstu daga og vikna svo sem Sogn, hjúkrunarheimili, sóknaráætlun, Suðurlandsveg og niðurskurð í heilbrigðisþjónustu o.m.fl. Þá fór formaður yfir þær tillögur sem stjórn SASS leggur fyrir þingið og var þeim vísað í viðeigandi nefndir.

Í lokin þakkaði fráfarandi formaður sunnlenskum sveitarstjórnarmönnum, starfsmönnum SASS, systurstofnunum og nefndarmönnum fyrir gott samstarf á árinu.

Jóna Sigurbjartsdóttir formaður kjörnefndar kvaddi sér hljóðs og kynnti niðurstöðu um lögmæti fundarins. Kom fram að kjörnir fulltrúar eru 58 en gild kjörbréf eru fyrir 58 fulltrúa. Alls eru 40 aðalfulltrúar mættir og 4 varamenn. Fundurinn úrskurðast því lögmætur.

6. Ársreikningur og fjárhagsáætlun.

Þorvarður Hjaltason, framkvæmdastjóri fór yfir og kynnti ársreikning SASS, fyrir árið 2010 og fjárhagsáætlun fyrir árið 2012.

Rekstartekjur voru 44,9 milljónir og rekstrargjöld 48,6 milljónir. Rekstrartap að teknu tilliti til fjármagnsliða var 4,8 milljónir. Niðurstöðutala efnahagsreiknings er 38 milljónir.

Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir því að rekstrartekjur verði 55,6 milljónir og rekstrargjöld með áætluðum afskriftum upp á kr. 900 þúsund verði 53,6

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Enginn tók til máls.

Fundarstjóri bar skýrslu stjórnar SASS og fjárhagsáætlun SASS undir atkvæði. Samþykkt samhljóða.

7. Skýrsla og fjárhagsáætlun menningarráðs.

Ísólfur Gylfi Pálmason, varaformaður flutti skýrsluna í fjarveru formanns menningarnefndar, kynnti skýrslu menningarráðs, ársskýrslur ársins 2010 og fjárhagsáætlun 2012. Frá síðasta ársþingi hafa verið haldnir 4 fundir, auglýst var eftir umsóknum og bærust á árinu 171 umsókn um samt. 108 millj. Úthlutað var til 102 verkefna.

Þá gat hann þess að Sveitarfélagið Hornafjörður er orðið aðili að Menningarráði. Farið var yfir helstu verkefni Menningarráðsfulltrúa.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Til máls tóku:

Gunnar Þorgeirsson Dorothee Lubecki og Þorvarður Hjaltason.

Fundarstjóri bar skýrslu menningarráðs og fjárhagsáætlun undir atkvæði. Samþykkt samhljóða.

8. Fjárhagsáætlun ART verkefnisins.

Kristín Hreinsdóttir kynnti ársreikning ársins 2010 og fjárhagsáætlun ART verkefnisins fyrir árið 2012. Kom fram að framlög til verkefnisins eru í nokkurri óvissu á næsta ári. Þá fór hún yfir stöðu verkefnisins og fjölda þátttakenda.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Til máls tóku: Gunnar Þorgeirsson, Sigríður Lára Ásbergisdóttir, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Hörður Óli Guðmundsson, Ari Björn Thorarensen og Arna Ír Gunnarsdóttir.

Fundarstjóri bar ársskýrslu og fjárhagsáætlun upp – samþykkt var samhljóða.

9. Skýrslur nefnda lagðar fram.

Skýrslu menntamálanefndar SASS vísað til menntamálanefndar á þinginu.

Skýrslu samgöngunefndar vísað til samgöngunefndar á þinginu.

Skýrslu velferðarnefndar vísað til velferðarnefndar á þinginu.

Var það samþykkt samhljóða.

10. Kosning stjórnar og nefnda

Lagðar voru fram eftirfarandi tillögur kjörnefndar um stjórn, ráð og nefndir Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga á næsta ári.

Stjórn SASS

Aðalmenn

Elfa Dögg Þórðardóttir, formaður
Aðalsteinn Sveinsson, varaformaður
Reynir Arnarson Sveitarfélaginu
Gunnlaugur Grettisson
Elín Einarsdóttir
Sigríður Lára Ásbergisdóttir
Guðfinna Þorvaldsdóttir

Sveitarfélaginu Árborg
Flóahreppi
Hornafirði
Vestmannaeyjabæ
Mýrdalshreppi
Sveitarfélaginu Ölfus
Rangárþingi ytra

Varamenn

Ari Thorarensen
Unnur Þormóðsdóttir
Guðmundur Ingi Ingason
Páley Borgþórsdóttir
Haukur Guðni Kristjánsson
Ásgerður Kristín Gylfadóttir
Ragnar Magnússon

Sveitarfélaginu Árborg
Hveragerðisbæ
Skaftárhreppi
Vestmannaeyjabæ
Rangárþingi eystra
Sveitarfélaginu Hornafirði
Hrunamannahreppi

Skoðunarmenn allra stofnana

Aðalmenn

Guðmundur Þór Guðjónsson
Drífa Kristjánsdóttir

Hveragerði
Bláskógabyggð

Varamenn

Egill Sigurðarson

Ásahreppi

Sandra Dís Hafþórsdóttir

Sveitarfélaginu Árborg

Samgöngunefnd:

Aðalmenn

Anna Björg Nielsdóttir, formaður
Björn Ingi Jónsson, varaformaður
Ragnar Magnússon
Tómas Ellert Tómasson
Ingi Már Björnsson

Sveitarfélaginu Ölfus
Sveitarfélaginu Hornafirði
Hrunamannahreppi
Sveitarfélaginu Árborg
Mýrdalshreppi

Varamenn

Páley Borgþórsdóttir
Gunnar Marteinson
Lárus Kristinn Guðmundsson
Elvar Eyvindsson
Kjartan Björnsson

Vestmannaeyjabæ
Skeiða- og Gnúpverjahreppi
Hveragerðisbæ
Rangárþing eystra
Sveitarfélaginu Árborg

Velferðarnefnd

Aðalmenn:

Harpa Dís Harðardóttir, formaður
Ragnheiður Guðmundsdóttir, varaform.
Jón Páll Kristófersson
Karl Pálmason
Margrét Rós Ingólfssdóttir

Skeiða og Gnúpverjahreppi
Sveitarfélaginu Árborg
Sveitarfélaginu Ölfus
Mýrdalshreppi
Vestmannaeyjabæ

Varamenn:

Brynhildur Jónsdóttir
Hörður Óli Guðmundsson
Unnur Þormóðsdóttir
Lilja Einarsdóttir
Ásgerður Kristín Gylfadóttir

Sveitarfélaginu Árborg
Grímsnes og Grafningshreppi
Hveragerðisbæ
Rangárþingi eystra
Hornafirði

Menntamálanefnd

Aðalmenn

Eydís Þ. Indriðadóttir, formaður
Helgi Kjartansson, varaformaður
Ninna Sif Svavarsdóttir
Helga Björk Ólafsdóttir
Brynhildur Jónsdóttir

Ásahreppi
Bláskógabyggð
Hveragerðisbæ
Vestmannaeyjabæ
Sveitarfélaginu Árborg

Varamenn

Guðrún Jóhannsdóttir
Ásta Margrét Grétarsdóttir
Jón Vilmundarson
Eva Dögg Þorsteinsdóttir
Kristján Sigurður Guðnason

Sveitarfélaginu Árborg
Sveitarfélaginu Ölfus
Skeiða- og Gnúpverjahreppi
Mýrdalshreppi
Sveitarfélaginu Hornafirði

Menningarráð Suðurlands

Aðalmenn

Íris Róbertsdóttir, formaður
Ísólfr Gylfi Pálmason, varaform
Kjartan Björnsson
Eypór H. Ólafsson
Ingibjörg Harðardóttir

Vestmannaeyjabæ
Rangárþing eystra
Árborg
Hveragerðisbæ
Grímsnes og Grafningshreppur

Varamenn

Jóhanna Jónsdóttir
Magnús Bragason
Margrét Sigurðardóttir
Inga Lára Baldvinsdóttir
Magnþóra Kristinsdóttir

Skaftárhreppi
Vestmannaeyjabæ
Flóahreppi
Sveitarfélaginu Árborg
Sveitarfélaginu Ölfusi

Stjórn Fræðslunets Suðurlands

Aðalmaður

Ingvar Pétur Guðbjörnsson

Rangárþing ytra

Varamaður

Arna Ír Gunnarsdóttir

Sveitarfélaginu Árborg

Fjárhagsnefnd

Aðalmenn

Gunnsteinn R Ómarsson, formaður

Rangárþingi ytra

Ásta Stefánsdóttir, varaformaður

Sveitarfélaginu Árborg

Margrét Sigurðardóttir

Flóahreppi

Kristín Magnúsdóttir

Sveitarfélaginu Ölfus

Ingibjörg Harðardóttir

Grímsnes og Grafningshreppi

Varamenn

Eyþór Arnalds

Sveitarfélaginu Árborg

Eydís Indriðadóttir

Ásahreppi

Róbert Hlöðversson

Hveragerðisbæ

Elvar Eyvindsson

Rangárþingi eystra

Jón G. Valgeirsson

Hrunamannahreppi

Kjörnefnd

Aðalmenn

Gunnar Þorgeirsson formaður,

Grímsnes- og Grafningshreppi

Ísólfur Gylfi Pálmason, varaformaður

Rangárþingi- Eystra

Aldís Hafsteinsdóttir

Hveragerðisbæ

Hildur Sólveig Sigurðardóttir,

Vestmannaeyjabæ

Guðmundur Ingi Ingason

Skaftárhreppi

Ari Thorarensen

Sveitarfélaginu Árborg

Ásgrímur Ingólfsson

Sveitarfélaginu Hornafirði

Varamenn

Drífa Kristjánsdóttir

Bláskógabyggð

Sveinn Steinarsson

Sveitarfélaginu Ölfusi

Páll Scheving

Vestmannaeyjabæ

Ingvar Pétur Guðbjörnsson

Rangárþingi ytra

Sandra Dís Hafþórsdóttir

Sveitarfélaginu Árborg

Ingi Már Björnsson

Mýrdalshreppi

Kristján Sigurður Guðnason

Sveitarfélaginu Hornafirði

Tillögur kjörnefndar bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

11. Kosning starfsnefnda ársþingsins

Fundarstjóri, bar upp eftirfarandi tillögur stjórnar að starfsnefndum.

Kjörbréfa og kjörnefnd**Jóna Sigurbjartsdóttir, formaður**

Gunnar Þorgeirsson
Aldís Hafsteinsdóttir
Gunnlaugur Grettisson
Ísólfr Gylfi Pálmason
Ari Björn Thorarensen
Ásgrímur Ingólfsson

Fjárhagsnefnd**Gunnsteinn R. Ómarsson, formaður**

Ásta Stefánsdóttir
Kristín Magnúsdóttir
Ingibjörg Harðardóttir
Margrét Sigurðardóttir

Allsherjarnefnd**Jón G. Valgeirsson, formaður**

Páley Borgþórsdóttir
Ragnar Magnússon
Eypór H. Ólafsson
Reynir Arnarson
Kristín Þórðardóttir
Björgvin Skafti Bjarnason
Guðmundur Baldursson
Hörður Óli Guðmundsson

Atvinnumálanefnd**Gunnar Örn Marteinnsson, formaður**

Guðlaugur Friðþórsson
Gunnar Egilsson
Eggert Valur Guðmundsson
Hilda Pálmadóttir
Jórunn Einarsdóttir
Eygló Kristjánsdóttir
Róbert Hlöðversson
Egill Sigurðsson
Halldór Karl Hermannsson
Ólafur Júlíusson

Mennta- og menningarmálanefnd**Sigríður Lára Ásbergsdóttir formaður**

Margeir Ingólfsson
Páll Marvin Jónsson
Sandra Dís Hafþórsdóttir
Kjartan Björnsson
Helgi Kjartansson
Ásgerður Gylfadóttir
Magnús H. Jóhannsson

Samgöngunefnd**Anna Björg Níelsdóttir, formaður****Sveitarfélag**

Skaftárhreppur
Grímsnes- og Grafningshreppur
Hveragerðisbær
Vestmannaeyjabær
Rangárþing eystra
Sveitarfélagið Árborg
Sveitarfélagið Hornafjörður

Rangárþing ytra
Sveitarfélagið Árborg
Sveitarfélagið Ölfus
Grímsnes- og Grafningshreppur
Flóahreppur

Grímsnes- og Grafningshreppi
Vestmannaeyjabær
Hrunamannahreppur
Hveragerðisbær
Sveitarfélagið Hornafjörður
Rangárþing eystra
Skeiða- og Gnúpverjahreppi
Sveitarfélagið Ölfus
Grímsnes- og Grafningshreppi

Skeiða- og Gnúpverjahreppi
Vestmannaeyjabær
Árborg
Árborg
Flóahreppi
Vestmannaeyjabær
Skaftárhreppur
Hveragerðisbær
Ásahreppi
Bláskógabyggð
Rangárþing ytra

Sveitarfélagið Ölfus
Bláskógabyggð
Vestmannaeyjabær
Árborg
Árborg
Bláskógabyggð
Sveitarfélagið Hornafjörður
Rangárþingi ytra

Sveitarfélagið Ölfus

Björn Ingi Jónsson
Guðmundur Þór Guðjónsson
Ingvar Pétur Guðbjörnsson
Ingvar G. Ingvarsson
Helgi S. Haraldsson
Svanhvít Hermannsdóttir
Guðmundur Ingi Ingason
Ólafur Örn Ólafsson
Oddur Bjarnason

Sveitarfélagið Hornafjörður
Hveragerðisbær
Rangárþing ytra
Grímsnes- og Grafningshreppur
Sveitarfélagið Árborg
Flóahreppur
Skaftárhreppur
Sveitarfélagið Ölfus
Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Velferðarnefnd

Unnur Þormóðsdóttir

Drífa Kristjánsdóttir
Guðlaug Ósk Svansdóttir
Eva Dögg Þorsteinsdóttir
Árni Þorvaldsson
Harpa Dís Harðardóttir
Arna Ír Gunnarsdóttir
Guðmundur Á Pétursson
Unnsteinn Eggertsson

Hveragerðisbær

Bláskógabyggð
Rangárþing eystra
Mýrdalshreppi
Sveitarfélagið Hornafjörður
Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Árborg
Grímsnes- og Grafningshreppi
Hrunamannahreppi

Umhverfis- og skipulagsnefnd

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður

Aðalsteinn Sveinsson
Valtýr Valtýsson
Páll Scheving Ingvarsson
Guðfinna Þorvaldsdóttir
Þórdís Eygló Sigurðardóttir
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson
Kristján Guðnason
Ester Guðjónsdóttir
Guðmundur Ólafsson

Hveragerðisbær
Flóahreppur
Bláskógabyggð
Vestmannaeyjabær
Rangárþingi ytra
Sveitarfélagið Árborg
Rangárþing ytra
Sveitarfélagið Hornafjörður
Hrunamannahreppur
Rangárþing eystra

Tillögur kjörnefndar bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

Fundarstjóri bað menn um að virða það að ekki væri ætlast til að menn færu á milli nefnda, en að heimilt væri að óska eftir því að taka þátt í annarri nefnd en viðkomandi hefði verið kjörinn í.

Elva Dögg Þórðardóttir nýendurkjörinn formaður stjórnar SASS kvaddi sér hljóðs og þakkaði fyrir það traust sem henni væri sýnt með að leiða áfram stjórn SASS.

Fundi frestað til morguns.

Fundi var framhaldið kl 11.30 29. okt.

12. Erindi Karls Björnssonar framkvæmdastjóra Sambands Íslenskra sveitarfélaga.

Í upphafi máls síns fjallaði Karl um stefnumörkun Sambandsins fyrir árin 2011 – 2014 og ýmsar breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem hefðu verið til skoðunar í þeim efnum svo sem yfirfærsla á málefnum aldraðra, framhaldsskólanum og löggæslunni og að sveitarfélögin væru almennt fylgjandi því að færa fleiri verkefni til sveitarfélaga. Þá nefndi Karl að nýtt fyrirkomulag við gerð kjarasamninga hafi reynst vel og að sveitarfélögin séu nú þegar mun stærri vinnuveitandi en ríkið með um 19.000 starfsmenn. Ekki færi þó hjá því að nýgerðir kjarasamningar hafi aukið kostnað sveitarfélaga verulega.

Rekstur sveitarfélaga er víða mjög þungur og ekki verður hægt að bæta reksturinn með aukinni skattheimtu. Búið er skera inn að beini í rekstri sveitarfélaga og því verður víða ekki lengra gengið án þess að draga úr beinni þjónustu við íbúa. Það verður að auka hagvöxt í landinu því þá hækka tekjur sveitarfélaganna. Þá fór Karl yfir ýmis verkefni sem í gang hefðu verið og nefndi þar yfirfærsluna á málefnum fatlaðra, samning um tónlistarfræðslu, ný sveitarstjórnarlög og breytingar á formlegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga.

Þá ræddi Karl ítarlega um fjárhagsstöðu sveitarfélaga. Gífurlegur munur er á tekjum sveitarfélaga og framlegð, nefndi hann sérstaklega erfiða stöðu sveitarfélaganna í Vestur- Skaftafellssýslu og að nauðsynlegt væri að grípa strax til mótvægisáðgerða á því svæði. Karl dró upp skýra mynd af skuldastöðu sveitarfélaganna og nefndi að sum sveitarfélög sem væru yfir 150 % markinu stæðu í raun ágætlega, en önnur sem e.t.v. ekki skulduðu svo mikið ættu í erfiðleikum. Þá ræddi hann um aukaframlag Jöfnunarsjóðs sem væri þýðingarmikill tekjupóstur margra láglaunasveitarfélaga og nú ætti að taka 300 milljónir af næst verst settu sveitarfélögum til að styðja við það verst setta Álfanes.

Þá nefndi Karl sveitarstjórnarvettvang EFTA og taldi margt geta nýst okkur frá þeim vettvangi. Að lokum flutti Karl kveðjur til þingsins frá stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundarstjóri gaf orðið laust fyrir stuttar fyrirsurnir til Karls.

Til máls tóku: Guðmundur Ingi Ingason, Ísólfur Gylfi Pálmason og Guðmundur Ingi Gunnlaugsson.

13. Björgvin G. Sigurðsson 1. þingmaður Suðurkjördæmis.

Ávarpaði fundinn og flutti kveðjur frá þingmönnum Suðurkjördæmis. Björgvin nefndi að þingmenn voru að ljúka heimsóknum til allra sveitarfélaganna í kjördæminu frá Höfn og alla leið til Reykjaness, nefndi hann að þessir fundir væru þingmönnum afar mikilvægir því á þeim fengu þeir mjög gott yfirlit yfir stöðu sveitarfélaganna. Þá nefndi hann að flytja þarf fleiri verkefni frá ríki til sveitarfélaga, margt í deiglu í þeim efnunum.

Margt hefur verið í gangi á seinustu árum í samgöngumálum á Suðurlandi, nefndi hann m.a. breikkun Suðurlandsvegur, Landeyjahöfn, Suðurstrandarveg, Gjábakkaveg og brúna yfir Hvítá.

Ömurlegt að þurfa að skera niður í mörgum geirum þar með í heilbrigðismálum, en staðan hafi verið þannig að það var óhjákvæmilegt. Þá nefndi hann að illa hafi verið staðið að ýmsum niðurskurðaráformun og nefndi þar m.a. Sogn. Varðandi uppbyggingu fangelsis á Hólmsheiði í stað uppbyggingar á Litla-Hrauni sagði Björgvin að fjárheimildir til þess verkefnis væru ekki fyrir hendi.

Orkuframleiðsla á Suðurlandi er gríðarleg en aðeins 4 % hennar er nýtt á svæðinu, þarna væri verk að vinna. Víða glíma menn við fólksfækkun og lækkandi tekjustofna. Fjölgun atvinnutækifæra og efling svæðisins er því lífsnauðsyn. Taka þarf á bráðavanda sveitarfélaganna.

13. Skýrsla um eflingu sveitarstjórnarstigsins

Sigurður Tómas Björgvinsson stjórnarsýslufræðingur fór yfir skýrsluna, í máli Sigurðar kom fram að í upphafi var verkefni hópsins að ræða um sameiningu, en síðan breyttist staðan og í stað lögbvingaðra sameininga var ákveðið að horfa meira á samvinnu og samstarf sveitarfélaga á ýmsum sviðum.

Byrjað var á að horfa á núverandi samstarf sveitarfélaga á Suðurlandi og síðan skoðaðar ýmsar nýjar leiðir til samstarfs.

Eftir að hafa farið yfir núverandi samstarf sveitarfélaga kynnti Sigurður þrjár leiðir sem vert væri að skoða til eflingar samstarfs sveitarfélaga.

Fyrsti og viðamesti kosturinn er samstarfsform sem fengið hefur vinnuheimilið „Íbúáþjónusta Suðurlands“ Þessi leið gerir ráð fyrir því að Suðurlandi verði skipt upp í þrjú þjónustusvæði, en síðan verði fjórar megin stofur velferðar-, fræðslu- skipulags- og byggingarmála- og atvinnu- og menningarmála- sem hver um sig starfi undir sínu fagráði og gangi þvert á öll þjónustusvæðin.

Annar valkosturinn hefur vinnuheimilið „Þekkingarsetur Suðurlands.“ Þessi hugmynd gengur út á að öll verkefni sem nú eru unnin sameiginlega á Suðurlandi verði sett undir eina stjórn og einn

framkvæmdastjóra. Þekkingarsetrið starfar svo í fjórum sviðum menntun og fræðslu-, rannsóknum og þróun, atvinnu og byggðamálum og menningu og ímynd. Þriðja leiðin gengur svo út sameiginlega yfirstjórn og nánari samvinnu allrar þeirrar starfsemi sem nú er til staðar á Austurvegi 56.

Að síðustu nefndi Sigurður að ef ekki væri vilji til að breyta að öllu leyti mætti líka hugsa sér minni skref svo sem að sameina SASS og APS.

Fundarstjóri gaf orðið laust.
Enginn kvaddi sér hljóðs

Samþykkt að vísa Skýrslu um eflingu sveitarstjórnarstigsins til allshrejarnefndar.

14. Ísland 2020 – Sóknaráætlanir landshlut – fjárfestingaráætlun – nýtt vinnulag Héðinn Unnsteinsson sérfræðingur í forsætisráðuneytinu.

Héðinn fjallaði um „Sóknaráætlanir landshluta“ í tengslum við verkefnið „Ísland 2020“ og benti á að því er ætlað að móta framtíðarsýn og stefnumörkun og endurspegla umfangsmikið samráð við hagsmunaaðila og almenning um land allt undir merkjum sóknaráætlunarinnar 20/20.

Ísland 2020 er ætlað að vera leiðarljós fyrir alla stefnumótun og áætlanagerð innan stjórnáætlunarinnar á næstu árum. Í tengslum við þetta eru um 30 verkefni í gangi misjafnlega langt kominn í ferlinu. Þá fór hann yfir ýmsa mælikvarða sem unnið er eftir í þessum verkefnum.

Héðinn nefndi sérstaklega að það væri í raun afar fáar markvissar áætlanir á vegum hins opinbera. Áætlanir væru flestar settar fram án nokkurs fjármagns og því í raun marklausar og fullar af orðum eins og stefnt er að áformað er o.s.frv.

Þá ræddi Héðinn um „Sóknaráætlanir landshluta“ og lýsti samskiptum ríkisvaldsins og sveitarfélaga. Í raun koma öll ráðuneytin að þessu verki nema 2 og hafa landshlutasamtök sveitarfélaga verið þungamiðjan í aðkomu sveitarfélaganna.

Unnið er að 57 ólíkum verkefnum sem skipt hefur verið niður milli fagráðuneyta. Verkefni hafa verið flokkuð í grænt þau sem uppfylla allar krítírur, gult sem eru góðar tillögur en falla utan rammans, en hugsanlega er hægt að framkvæma síðar og rautt sem eru óraunhæf verkefni. Stefnt er að því að endanlega liggi fyrir í næsta mánuði hvaða verkefni komast á fjárlög næsta árs.

Í lok erindis síns fjallaði Héðinn um samþættingu og einföldun á stefnu og áætlunum ríkisins. Hann nefndi að þetta væri mikið lærdómsferli fyrir alla sem að því koma.

Fundarstjóri gaf orðið laust.
Til máls tóku: Ásta Stefánsdóttir, Ólafur Örn Ólafsson og Héðinn Unnsteinsson.

15. Umræður og ályktanir ársþings

a) Heilbrigðisnefnd

Í nefndinni voru: Unnur Þormóðsdóttir formaður, Ásgerður Gylfadóttir, Drífa Kristjánsdóttir, Elínborg Ólafsdóttir, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Harpa Dís Harðardóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir, Guðmundur Á Pétursson og Unnsteinn Eggertsson.

Formaður nefndarinnar Unnur Þormóðsdóttir fylgdi eftirfarandi tillögum úr hlaði.

Heilbrigðisþjónusta í Heilbrigðisumdæmi Suðurlands

Ársþing SASS, haldið í Vík 28. og 29. október 2011, fordæmir þá aðför sem nú ítrekað er gerð að heilbrigðisþjónustu í heilbrigðisumdæmi Suðurlands. Eftir rúmlega 22% niðurskurð undanfarin tvö ár ætlar ríkið að ganga enn lengra í niðurskurðarkröfum sínum. Gangi það eftir verður ekki hægt að

halda úti grunnheilbrigðisþjónustu og mun það stefna öryggi og lífi fólks í hættu. Ársþingið leggur áherslu á að þjónusta heilbrigðisstofnana í heilbrigðisumdæmi Suðurlands verði eflað frá því sem nú er. Fyrir liggur að rekstur þessara sjúkrahúsa er hagkvæmur og gæti orðið enn hagkvæmari með fleiri verkefnum. Mikilvægt er að hafa í huga að sjúkrahúsþjónustan og heilsugæslan eru samofin og niðurskurður á öðrum þættinum hefur skaðleg áhrif á starfsemi hins. Ekki má heldur horfa fram hjá þeim samfélagskostnaði og óþægindum sem fylgja því að flytja verkefni frá heilbrigðisstofnunum á Suðurlandi til Landspítalans og til einkastofa á höfuðborgarsvæðinu eins og stefnt er að leynt og ljóst. Velferðarráðherra og alþingismenn eru hvattir til að standa vörð um heilbrigðisþjónustuna og um leið velferð og öryggi íbúa svæðisins.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Ársþing SASS, haldið í Vík 28. og 29. október 2011, vill beina þeim tilmælum til ráðamanna að endurskoða niðurskurðarkröfuna sem gerð er til Heilbrigðisstofnunar Suðurlands. Stofnunin þjónar um 20.000 íbúum auk eigendum 15.000 sumarhúsa. Í þeirri áætlun sem nú liggur fyrir mun Heilbrigðisstofnun Suðurlands verða með 26 – 27% niðurskurð frá árinu 2008. Suðurland er náttúruhamfarasvæði þar sem íbúar þurfa að lifa við þá ógn sem steðjar af jarðskjálftum og eldgosum. Sterk heilbrigðisþjónusta verður að vera til staðar til að tryggja öryggi íbúa. Þingið hvetur Velferðarráðherra og alþingismenn að koma í veg fyrir frekari niðurskurð á fjárframlögum til stofnunarinnar.

Fjölgun hjúkrunarrýma á Suðurlandi

Ársþing SASS, haldið í Vík 28. og 29. október 2011, skorar á stjórnvöld að tryggja fjármagn til uppbyggingar hjúkrunarrýma á Suðurlandi í samvinnu við sveitarfélögin. Ársþingið samþykkir að hefja nú þegar vinnu í samvinnu SASS og aðildarsveitarfélaga við að leita allra leiða til að bregðast við skorti á hjúkrunarrýmum. Þörf fyrir fjölgun hjúkrunarrýma á Suðurlandi er veruleg. Samkvæmt samræmdu vistunarmati sem fram fór á landinu í árslok 2010 kom í ljós að 215 manns voru á biðlista eftir hjúkrunarrýmum á landinu öllu þar af 41 á Suðurlandi eða um 20% tilfella sem er langt umfram hlutfall Sunnlendinga af þjóðinni sem nú er um 8%. Þörf fyrir hjúkrunarrými er mest í Árnessýslu en einnig er þörfin mjög brýn í Rangárvallasýslu. Samkvæmt viðmiðum velferðarráðuneytis skal stefna að byggingu einbýla og því liggur fyrir að í mörgum tilfellum þarf að ráðast í framkvæmdir til að húsnaði standist þau viðmið.

ART verkefni

Ársþing SASS, haldið í Vík 28. og 29. október 2011, hvetur stjórnvöld og sveitarfélög til að tryggja starfsemi ART meðferðarteymisins á næstu árum. Hlutverk ART teymisins á Suðurlandi er tvíþætt. Annars vegar er það þjónustuúrræði í grunn- og leikskólum og þar unnið í samvinnu við skólafirvöld og foreldra og hins vegar er það meðferðarúrræði fyrir þau börn og fjölskyldur sem vísað er til teymisins í gegnum barnavernd. Ársþingið leggur til að gerður verði samningur til 3 - 5 ára á milli sveitarfélaganna og ráðuneytanna tveggja; velferðarráðuneytisins og menntamálaráðuneytisins, um starfsemi meðferðarteymisins.

Ársþing SASS leggur einnig til að verkaskipting ríkis og sveitarfélaga varðandi barnaverndarmál og meðferðarvinnu verði tekin til endurskoðunar. Grunnskólar og barnavernd eru á ábyrgð sveitarfélaganna og því telur fundurinn mikilvægt að taka til endurskoðunar verkaskiptasamning ríkis og sveitarfélaga og hlutverk Barnaverndarstofu í því samhengi.

Búsetumál fatlaðra á Suðurlandi

Ársþing SASS, haldið í Vík 28. og 29. október 2011 tekur undir ábendingar frá aðalfundi Þroskahjálpar á Suðurlandi og beinir því til sveitarstjórnarmanna að taka markvisst á búsetuþjónustu fatlaðra þjónustusamningur Sveitarfélagsins Hornafjarðar og ríkis um heilbrigðis og öldrunarmál

Ársþing SASS, haldið í Vík 28. og 29. október 2011, hvetur Velferðarráðuneytið til þess að ljúka samningum við Sveitarfélagið Hornafjörð um endurnýjun á þjónustusamningi um heilbrigðis- og

öldrunarmál í sveitarfélaginu. Samningur hefur verið laus frá 1. janúar 2007. Sveitarfélagið hefur annast reksturinn frá 1996 og mikilvægt er að eyða óvissu um hann.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Til máls tóku: Arna Ír Gunnarsdóttir.

Fundarstjóri bar tillögur upp til atkvæða. Samþykktar samhljóða.

b) Umhverfis- og skipulagsnefnd

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður, Aðalsteinn Sveinsson, Valtýr Valtýsson, Páll Scheving Ingvarsson, Guðfinna Þorvaldsdóttir, Þórdís Eygló Sigurðardóttir, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Kristján Guðnason, Ester Guðjónsdóttir, Guðmundur Ólafsson

Formaður nefndarinnar Aldís Hafsteinsdóttir fylgdi eftirfarandi tillögum úr hlaði:

Minnkun svifryks frá Hagavatni!

Árþing SASS, haldið í Vík 28. og 29. október 2011 leggur áherslu á að vatnsyfirborð Hagavatns verði fært til upprunalegs horfs með stíflu í Farinu. Umhverfisáhrif yrðu umtalsverð og jákvæð þar sem svifryk af svæðinu myndi minnka til muna og lífríkið allt njóta góðs af. Um mikið þjóðþrifamál yrði að ræða fyrir allt nærumhverfið. Möguleiki myndi enn fremur skapast til byggingar jafnrennslisvirkjunar er skapa myndi atvinnu á svæðinu á framkvæmdatíma og auka hagkvæmni framkvæmdanna.

Svifryksmælingar

Árþing SASS, haldið í Vík þann 28. og 29. október 2011, telur nauðsynlegt fyrir velferð íbúa að ríkisvaldið hafi forgöngu um rekstur og endurnýjun þeirra svifryksmæla sem þegar hafa verið settir upp á svæðinu.

Stuðningur við sveitarfélög á áhrifasvæði eldgosa

Árþing SASS, haldið í Vík 28. og 29. október 2011, hvetur stjórnvöld til að styðja enn frekar þau byggðarlög á Suðurlandi sem hafa orðið fyrir búsigfum vegna eldgosa á undanförunum misserum. Ljóst er að tjón hefur verið í sumum tilfellum verið verulegt og jafnvel varanlegt. Ástandið er alvarlegast í V- Skaftafellssýslu og í Örnefni þar sem sveitarfélögin hafa átt við fólksfækkun að etja og erfiðan rekstur. Mikilvægt er því að stjórnvöld grípi til viðeigandi ráðstafana til að styrkja byggð á þessum svæðum.

Katla jarðvangur

Árþing SASS, haldið í Vík 28. og 29. október 2011 fagnar tilkomu Kötlu jarðvangs.

Sú viðurkenning sem þessi uppbyggingaráform hafa fengið er mikil hvatning til frekari framkvæmda á svæðinu sem án vafa munu styðja við ferðaþjónustu og byggðapróun þar. Með þessu er tryggð sjálfbærari og betri nýting á þeirri auðlind sem náttúra svæðisins er.

Vatnajökulsþjóðgarður

Árþing SASS, haldið í Vík 28. og 29. október 2011 leggur áherslu á áframhaldandi uppbyggingu Vatnajökulsþjóðgarðs og að staðið verði við fyrirheit um fjárframlög til verkefnisins.

Sorpurðun

Árþing SASS, haldið í Vík þann 28. og 29. október 2011 beinir því til stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands að óvissu um framtíð sorpmeðhöndlunar á Suðurlandi verði eytt eins fljótt og auðið er. Jafnframt verði leitað allra leiða til að minnka umfang þess efnis sem sent er til urðunar.

Skipan vatnasvæðisnefnda

Árþing SASS, haldið í Vík þann 28. og 29. október 2011 bendir á mikilvægi þess að vinna vatnasvæðisnefnda kalli ekki á aukakostnað hjá sveitarfélögum. Bent er á að fæst sveitarfélög hafa unnið flokkun vatna en slíkt mun reynast afskaplega kostnaðarsamt fyrir sveitarfélögin sem fæst hafa efni á slíku í því árferði sem nú er. Komi til kostnaðar vegna þessa mælist árþingið til þess að ríkissjóður beri hann.

Fráveituframkvæmdir sveitarfélaga

Árþing SASS, haldið í Vík þann 28. og 29. október 2011, ítrekar nauðsyn þess að ríkisvaldið standi við þegar gefin loforð um endurgreiðslu hluta kostnaðar við fráveituframkvæmdir sveitarfélaga. Ljóst er að sveitarfélög munu eiga mjög erfitt með að uppfylla þær lagaskyldur sem á þau eru settar nema með stuðningi. Sveitarfélög á landsbyggðinni búa mörg hver við mjög viðkvæma viðtaka og verða því að fara í mjög kostnaðarsamar aðgerðir til þess að koma sínum fráveitumálum í lag. Árþingið vill einnig árétta að málefnið er ekki hagsmunamál einstakra sveitarfélaga heldur lífríkisins alls og þar með sameiginlegur ávinningur allra.

Í ljósi þess að íslenskum sveitarfélögum er gert að uppfylla strangari kröfur í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp heldur en tilskipun ESB gerir ráð fyrir, beinir Árþing SASS þeim eindregnu tilmælum til ríkisins að halda áfram að veita styrk vegna fráveituframkvæmda.

Árþing SASS bendir sérstaklega á að taka þurfi út úr reglugerðinni hið íslenska ákvæði sem snýr að því að sveitarfélög við sjó þurfa að uppfylla mun strangari kröfur um þynningarsvæði en gerist og gengur í löndum Evrópusambandsins.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Til máls tóku Gunnar Örn Marteinsson og Aldís Hafsteinsdóttir.

Fundarstjóri bar tillögur upp til atkvæða og voru þær samþykktar samhljóða

c) Mennta- og menningarmálanefnd

Sigríður Lára Ásbergisdóttir formaður, Margeir Ingólfsson, Páll Marvin Jónsson, Sandra Dís Hafþórsdóttir, Kjartan Björnsson, Helgi Kjartansson, Ásgerður Gylfadóttir, Magnús H. Jóhannsson

Formaður Sigríður Lára Ásbergisdóttir fylgdi eftirfarandi tillögum úr hlaði:

Áskorun til ríkis og sveitarfélaga

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið í Vík 28. og 29. október 2011, leggur ríka áherslu á uppbyggingu menntunar á öllum skólastigum og góðrar aðstöðu til fjarkennslu í öllum fjórðungnum. Gott aðgengi að menntun er ein mikilvægasta forsenda byggðar í landinu og stuðlar að nýsköpun í atvinnulífi. Nú sem aldrei fyrr er mikilvægt að efla aðgengi fólks að endur- og símenntun.

Verknámshús við Fjölbautaskóla Suðurlands

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið í Vík 28. og 29. október 2011, skorar á stjórnvöld að hefja nú þegar hönnun viðbyggingar við verknámshús Fjölbautaskóla Suðurlands á grundvelli þarfagreiningar sem liggur fyrir. Sveitarfélögin hafa þegar lagt fram fé til verkefnisins. Skorað er á ríkisstjórn og Alþingi að tryggja fjármagn til verkefnisins á næstu fjárlögum þannig að verkið geti hafist sem fyrst og stefnt verði að verklokum fyrir haustið 2014. Mikla áherslu þarf að leggja á að vinna gegn brottfalli nema úr framhaldsskólum og er aukið og fjölbreytt verknám við framhaldsskólann þar grundvallaratriði. Ljóst er að brottfall úr framhaldsskólum og hátt hlutfall fólks sem hefur aðeins lokið grunnskólanámi er verulegt vandamál sem ráða þarf bót á, ekki síst með tilliti til aukins atvinnuleysis einkum hjá ungu fólki. Því er þörf stórátaks sem tryggir fjölbreytt tækifæri til

náms- og endurmenntunar. Bygging verknámshúss við Fjölbautaskóla Suðurlands er nauðsynlegt skref í þá átt.

ART verkefnið á Suðurlandi

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið í Vík 28. og 29. október 2011, skorar á ríkisvaldið að tryggja nauðsynlegar fjárveitingar til ART verkefnisins á Suðurlandi til frambúðar. ART verkefnið hefur staðið frá árinu 2006. Nú starfa 3 sérfræðingar í 2,5 stöðugildum við meðferð og ráðgjöf úti í skólunum sjálfum. Mjög mikilvægt er að gerður verði samningur á milli sveitarfélaganna og ríkisins til nokkurra ára þannig að rekstur þess verði tryggður. ART verkefnið er mikilvægt forvarnar- og meðferðarverkefni sem skiptir miklu máli fyrir fjölmarga einstaklinga og fjölskyldur auk þess sem það styrkir skólastarf og velferð í víðu samhengi.

Háskólafélag Suðurlands og önnur þekkingarsetur á Suðurlandi

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið í Vík 28. og 29. október 2011, lýsir yfir ánægju með starfsemi Háskólafélags Suðurlands og leggur áherslu á að sveitarfélög standi áfram þétt að baki félagsins. Einnig leggur árþingið áherslu á að ríkisvaldið tryggi félaginu og þeim háskóla- og þekkingarsetrum sem þegar eru starfandi í fjórðungnum áframhaldandi fjármagn til reksturs starfseminnar. Jafnframt skorar árþingið á aðildarsveitarfélögin að efla samstarf sitt við háskóla- og þekkingarsetur á svæðinu. Þá fagnar árþingið stefnu mennta- og menningarmálaráðherra í málefnum opinberu háskólanna þar sem m.a. kemur fram að fjarkennsla verði notuð í auknum mæli til að bjóða upp á fjölbreytt nám víða á landinu með samstarfi við þekkingarsetur og símenntunarmiðstöðvar. Mjög mikilvægt er að greiða fyrir aðgengi fullorðins fólks að framhalds- og háskólanámi á Suðurlandi, ekki síst þegar kreppa ríkir í atvinnumálum. Þar gegna háskólafélagið og símenntunarmiðstöðvarnar lykilhlutverki.

Háskólanám í matvælafræði

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið í Vík 28. og 29. október 2011, leggur til að kannaðir verði möguleikar á að Háskóli Íslands í samstarfi við Háskólafélag Suðurlands komi á fót grunnnámi í matvælafræði/matvælafræði/á Suðurlandi en það nám hefur átt undir högg að sækja við H.Í. á undanförunum árum. Bent er á í þessu sambandi að á Suðurlandi er mikil og fjölbreytt matvælaframleiðsla. Matvælastofnun er staðsett á Selfossi, starfsstöð MATÍS á Höfn og starfsstöð MATÍS á Flúðum hefur nýlega tekið til starfa.

Stefnumótun í menntamálum á Suðurlandi vegna sóknaráætlunar 20/20

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið í Vík 28. og 29. október 2011, samþykkir að hafin verði vinna við stefnumótun í menntamálum fyrir starfssvæði samtakanna sem ná til leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla, háskólamenntunar og sí- og endurmenntunar. Nýtt verði þau tækifæri sem felast í nýjum námskrám leik- grunn- og framhaldsskóla og jafnframt verði erindi og niðurstöður menntaþings í Gunnarsholti síðastliðið vor nýttar við stefnumótunina. Hugað verði sérstaklega að aukinni samfelli í námi og tengsl skólastiga verði aukin. Menntamálanefnd SASS í samvinnu við starfshóp sem stóð að undirbúningi menntaþings í Gunnarsholti verði falið að hrinda verkefninu úr vör.

Jafnframt ítrekar árþingið mikilvægi þess að aðildarsveitarfélögin móti hvert fyrir sig eigin skólastefnu sem endurskoðuð sé reglulega.

Sameiginlegt ytra mat á starfssvæði Skólaskrifstofu Suðurlands

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið í Vík 28. og 29. október 2011, samþykkir að fela stjórn Skólaskrifstofu Suðurlands áframhaldandi undirbúning sameiginlegs ytra mats sveitarfélaga á skólastarfi. Stjórnin fylgist með tilraunaverkefni sem nú er í undirbúningi faghóps á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytis og leggur fram tillögu á næsta árþingi um framhald þeirrar vinnu.

Fundarstjóri gaf orðið laust.
Enginn kvaddi sér hljóðs.

Fundarstjóri bar tillögur upp til atkvæða og voru þær samþykktar samhljóða.

d) Samgöngunefnd

Tillögur Samgöngunefndar

Í nefndinni sátu:

Anna Björg Níelsdóttir, formaður, Björn Ingi Jónsson, Guðmundur Þór Guðjónsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Helgi S. Haraldsson, Svanhvit Hermannsdóttir, Guðmundur Ingi Ingason, Eva Dögg Þorsteinsdóttir og Gunnlaugur Grettisson.

Uppbygging vegakerfisins á Suðurlandi

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið í Vík 28. og 29. október 2011, leggur áherslu á að áfram verði haldið uppbyggingu og samgönguúrbótum á Suðurlandi. Nauðsynlegt er fyrir framtíðaruppbyggingu samfélagsins að innviðir þess verði styrktir og þar eru samgöngur ein af grunnstoðunum. Mikilvægt er einnig að sporna gegn samdrætti og atvinnuleysi með verklegum framkvæmdum hins opinbera.

Fjármögnun Suðurlandsvegur

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið í Vík 28. og 29. október 2011, hvetur stjórnvöld að leita allra leiða til að standa við fyrri áform um breikkun og tvöföldun Suðurlandsvegur ásamt nýrri brú yfir Ölfusá við Selfoss og nýti heimild Alþingis um sérstaka fjármögnun verksins. Til þess liggja fjölmörg rök. Í fyrsta lagi er mjög mikil umferð um veginn. Í öðru lagi er há slysatíðni á veginum og í þriðja lagi liggur fyrir að arðsemi tvöföldunar er mjög mikil. Einnig er ljóst skv. könnunum að almenningur telur þessa framkvæmd langbrýnasta úrlausnarefnið í samgöngumálum þjóðarinnar. Vegna tillagna sem fram hafa komið um veggjöld í tengslum við tvöföldun Suðurlandsvegur hafnar aðalfundurinn hugmyndum um slíkt til að fjármagna þessa framkvæmdir.

Tvívreiðar brýr í stað einbreiðra

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið í Vík 28. og 29. október 2011, vekur sérstaka athygli á að enn er fjöldi einbreiðra brúa í vegakerfinu á suðursvæði Vegagerðarinnar. Staðreyndin er að um 20 einbreiðar brýr eru á Þjóðvegi 1 í Skaftafellssýslum, flestar í A-Skaftafellssýslu. Á meðan þær eru við lýði er öryggi vegfaranda ógnað. Sú ógn fer vaxandi með aukinni og þyngri umferð stórra flutningabíla og einnig mikilli fjölgun ferðamanna. Í því sambandi er bent á að Jökulsárlón á Breiðamerkursandi er einn vinsælasti ferðamannastaður landsins. Því er mikilvægt að gert verði stóráttak í tvöföldun brúa.

Nýtt vegstæði fyrir Hornafjörð

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið í Vík 28. og 29. október 2011, leggur mikla áherslu á að nú þegar verði ráðist í undirbúning og framkvæmdir á nýju vegstæði og brúm yfir Hornafjarðarfljót. Framkvæmdin er gríðarlega mikilvæg, styttr hringveginn umtalsvert, fækkar einbreiðum brúm og eykur umferðaröryggi verulega. Árþingið leggur þunga áherslu á að gert verði ráð fyrir þessari framkvæmd á nýrri fjögurra ára samgönguáætlun.

Áhersla á héraðsvegi

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið í Vík 28. og 29. október 2011, leggur mjög mikla áherslu á að gerðar verði gagngerðar endurbætur á héraðsvegum eftir tímasettri framkvæmdaáætlun. Mikil umferðaraukning hefur orðið á þessum vegum og þeir gegna mun stærra

hlutverki nú en áður vegna breyttra atvinnuhátta og stóraukins ferðamannastraums. Þá bendir þingið á að skynsamlegt væri að leggja meiri áherslu á lagningu bundins slitlags á núverandi vegi með nauðsynlegum lagfæringum og spara þar með viðhald malarvega sem dugar yfirleitt ekki nema til skamms tíma.

Ný Vestmannaeyjaferja

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið í Vík 28. og 29. október 2011, leggur mikla áherslu á að nú þegar verði hafist handa um kaup eða smíði nýrrar Vestmannaeyjaferju. Reynsla síðastliðins árs sýnir að Herjólfur hentar ekki til þessara siglinga. Ótækt er að að nýta ekki þau miklu tækifæri sem gefast með tilkomu Landeyjahafnar og jafnframt að hún verði eins öflug samgönguleið og kostur er. Grundvallaratriði er að möguleikar til stórbættra samgangna við Vestmannaeyjar verði nýttir til fulls. Árþingið bendir á að um grunnþarfir í nútímasamfélagi er að ræða þar sem ferjan er þjóðvegur til Vestmannaeyja og krefst þess að ferðir til og frá Eyjum verði tryggðar allan ársins hring.

Jarðgöng undir Reynisfjall

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið í Vík 28. og 29. október 2011, vekur athygli á því að vegurinn fyrir Reynisfjall er einn erfiðasti farartálmi á þjóðvegi 1 á Suðurlandi. Nauðsynlegt er að koma jarðgöngum um Reynisfjall á samgönguáætlun. Árþingið fagnar áformum samgönguráðs um viðhald vegarins á Gatnabrún.

Stórskipahöfn í Þorlákshöfn

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið í Vík 28. og 29. október 2011, leggur áherslu á að hafin verði uppbygging stórskipahafnar í Þorlákshöfn. Fyrir liggur að staðsetning orkufrekrar starfsemi í Ölfusi er einkar hagstæð og því nauðsynleg að þar verði byggð upp stórskipahöfn.

Hornafjarðarhöfn

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið í Vík 28. og 29. október 2011, telur mikilvægt að vinna þurfi að framtíðarlausn í málefnum innsiglingar um Hornafjarðarós. Tryggja þarf skipum með djúpristu yfir 7 metra nægjanlegt dýpi yfir Grynnslin og í höfninni sjálfri.

Almenningssamgöngur

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið í Vík 28. og 29. október 2011, fagnar samningi Vegagerðarinnar og SASS um að samtökin yfirtaki rekstur almenningssamgana á landi frá og með næstu áramótum. Bættar almenningssamgöngur eru þjóðhagslega hagkvæmar, leiða til sparnaðar í rekstri samgöngukerfisins, draga úr mengun og síðast en ekki síst draga úr útgjöldum einstaklinga. Árþingið leggur áherslu á að unnið verði markvisst að því að tengja umfangsmikinn skólaakstur almenningssamgöngum og nýta þar með betur fjármuni sem renna til opinberrar þjónustu.

Landbrot

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið í Vík 28. og 29. október 2011, telur mikilvægt að sporna við miklu landbroti af völdum sjávar og jökulfljóta sem ógna byggð, vegum og brúm. Brýnt er að fylgjast náið með landbroti við Jökulsá á Breiðamerkursandi þar sem stutt er orðið frá þjóðvegi niður í fjöruborð.

Hornafjarðarflugvöllur

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið í Vík 28. og 29. október 2011, leggur áherslu á að Hornafjarðarflugvöllur fái aftur löggildingu sem millilandaflugvöllur með áherslu á ferju- og einkaflug. Staðsetning flugvallarins gerir það að verkum að hann er fyrsti kostur í ferjuflugi milli meginlands Evrópu og Íslands.

Hafnir

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið í Vík 28. og 29. október 2011, leggur áherslu á tryggt verði fé til rannsókna á sandburði í og umhverfis sunnlenskar hafnir Hornafjarðarós, Landeyjahöfn, Vestmannaeyjahöfn og Þorlákshöfn.

Fjarskiptamál

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið í Vík 28. og 29. október 2011, leggur áherslu á að allir landsmenn hafi aðgang að háhraða gagnaflutningskerfi. Þeim fyrirtækjum sem starfa á þessum markaði verði gert skylt að tryggja fullnægjandi gæði á þeim svæðum þar sem þau bjóða þjónustu sína. Sjái þau sér það ekki fært láti Fjarskiptastofnun fara fram útboð á þessum svæðum. Af gefnu tilefni verði farsímasamband tryggt á mögulegum hamfarasvæðum sem og á þjóðvegi 1.

Breytt vinnubrögð

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið í Vík 28. og 29. október 2011, leggur áherslu á að tekin verði upp ný vinnubrögð í samgöngumálum, hvað varðar áætlanir, ákvarðanir og framkvæmdir við héraðsvegi og leggur til að tekið verði upp meira samráð við sveitarfélögin. Þá telur árþingið að skort hafi samráð Vegagerðarinnar við sveitarfélögin við endurskilgreiningu vega og nauðsynlegt að bæta úr því.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Til máls tóku: Gunnar Þorgeirsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Valtýr Valtýsson og Ólafur Örn Ólafsson. Gerðar voru minniháttar orðalagsbreytingar á texta.

Fundarstjóri bar upp breytingartillögur og síðan tillögurnar og voru þær samþykktar samhljóða.

e) Atvinnumálanefnd

Tillögur Atvinnumálanefndar til árþings Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga 28. og 29. október 2011

Atvinnumálanefnd á aðalfundi SASS 2011

Nefndina skipuðu: Gunnar Örn Marteinnsson, formaður, Eygló Kristjánsdóttir, Róbert Hlöðversson, Árni Rúnar Þorvaldsson, Ólafur Örn Ólafsson, Egill Sigurðsson, Ólafur Júlíusson, Eggert Valur Guðmundsson, Gunnar Egilsson, og Smári Stefánsson. Starfsmenn nefndarinnar voru Sædís Íva Elíasdóttir og Bjarni H Ásbjörnsson starfsmenn Atvinnuþróunarfélags Suðurlands.

Ferðapjónusta allt árið

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið í Vík í Mýrdal dagana 28. og 29. október 2011, hvetur hagsmunaaðila í ferðapjónustu til að auka samstarf sín á milli svo þeir verði betur í stakk búnir til að mæta auknum straumi ferðamanna, sem vænta má í kjölfar átaksins „Ísland allt árið“. Suðurland er nú þegar helsti viðkomustaður ferðamanna sem leggja leið sína til Íslands. Árþing SASS leggur áherslu á að bæta aðstöðu og aðgengi fyrir ferðamenn á fjölsóttum ferðamannastöðum. Mikilvægt er að aukin skattlagning á ferðapjónustuaðila skili sér í uppbyggingu á fjölförnum ferðamannastöðum og viðhaldi þeirra.

Fullvinnsla matvæla

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið í Vík í Mýrdal dagana 28. og 29. október 2011, telur mikilvægt að stuðla enn frekar að aukinni fullvinnslu matvæla og tryggja aðgengi að ferskum íslenskum matvælum. Árþingið leggur áherslu á að starfsemi Matarsmiðjanna á Höfn og Flúðum verði kynnt betur á Suðurlandi öllu.

Endurvinnsla

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið í Vík í Mýrdal dagana 28. og 29. október 2011, hvetur sveitarfélög á starfssvæði SASS til aukinnar flokkunar sorps og beinir því til

Atvinnuþróunarfélags Suðurlands að skoðuð verði möguleg tækifæri til atvinnusköpunar við nýtingu á endurvinnanlegu hráefni.

Rammaáætlun

Árþing SASS, haldið í Vík í Mýrdal 28. og 29. október 2011, fagnar því að nú hilli undir lok þeirrar vinnu sem liggur að baki annars áfanga rammaáætlunar og vonar að með þeirri vinnu verði hægt að nálgast sátt um orkuöflun og nýtingu. Árþingið leggur áherslu á að Alþingi afgreiði málið á sem faglegastan hátt og vandlega verði farið yfir þær athugasemdir sem sveitarfélögin á starfssvæði SASS kunna að senda inn vegna málsins.

Árþingið gerir þó alvarlegar athugasemdir við þá skerðingu skipulagsvalds sveitarfélaga sem tillagan felur í sér.

Orkunýting

Árþing SASS, haldið í Vík í Mýrdal 28. og 29. október 2011, gerir kröfu til að mun stærri hluti þeirrar orku sem framleiddur er á Suðurlandi verði nýttur á svæðinu til atvinnusköpunar, en nú eru 4% framleiddrar raforku nýtt á Suðurlandi en 50% virkjaðs vatnsafls og 70% virkjaðs háhita á landinu kemur frá Suðurlandi. Til þess liggja fleiri rök en atvinnusjónarmið. Flutningur raforkunnar færi um skemmri veg sem þýðir minna orkutap og minni sjón- og umhverfismengun af háspennulínunum. Það er einnig í anda hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar að landshlutinn njóti í meira mæli þess efnahagslega ábata sem virkjun vatnsafls og háhita hefur í för með sér. Árþingið bendir á að samkvæmt Rammaáætlun falla 6 vatnsaflsvirkjunarkostir í orkunýtingarflokk, þar af 4 á Suðurlandi.

Árþingið vill jafnframt skora á orkufyrirtækin sem starfa á svæðinu að taka til alvarlegrar skoðunar hvort ekki sé möguleiki á að þau flytji einhvern hluta starfsemi sinnar á Suðurland og leggi með því móti meira til þeirra samfélaga sem þau fá stærstan hluta tekna sinna af.

Stjórn fiskveiða

Árþing SASS, haldið í Vík í Mýrdal 28. og 29. október 2011, hvetur til þess að frumvörp um stjórn fiskveiða verði tekin til endurskoðunar og tekið verði mið af niðurstöðu Endurskoðunarnefndar um sjávarútveg. Árþingið hvetur til vinnufriðar og sáttar um sjávarútveg þannig að horfa megi til lengri tíma. Einungis þannig fá sunnlenskar sjávarbyggðir nýtt hin miklu tækifæri sem þær nú standa frammi fyrir. Áframhaldandi pólitískur ófriður mun hinsvegar áfram valda þessum byggðum ómældum skaða.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Til máls tók: Ólafur Örn Ólafsson

Fundarstjóri bar tillögur upp til atkvæða. Samþykktar samhljóða.

f) Allsherjarnefnd

Ályktanir Allsherjarnefndar á árþingi SASS í Vík í Mýrdal 2011.

Allsherjarnefnd

Í nefndinni sátu: Jón G. Valgeirsson, formaður, Ragnar Magnússon, Friðrik Sigurbjörnsson, Guðfinna Þorvaldsdóttir, Reynir Arnarsson, Guðmundur Baldursson, Þorsteinn Kristinsson, Gunnar Þorgeirsson og Hörður Óli Guðmundsson.

Formaður fylgdi eftirfarandi tillögum úr hlaði.

1. Tillaga um breytingar á samþykktum SASS.

- a) Fyrir Allsherjarnefnd liggur tillaga um breytingar á samþykktum SASS á grein 1.2 sem lögð var fram í skýrslu stjórnar. Skv. tillögunni á grein 1.2 að hljóða þannig en breytingin er feitletruð í texta:

Gr. 1.2

Starfsemi SASS grundvallast á 86. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Markmið samtakanna eru:

- * að vinna að hagsmunamálum íbúa aðildarsveitarfélaganna.
- * að vera samráðsvettvangur aðildarsveitarfélaganna.
- * að gæta hagsmuna aðildarsveitarfélaganna á innlendum sem erlendum vettvangi.
- * að vera aðildarsveitarfélögunum til ráðgjafar um málefni sveitarfélaga.
- * að styðja starf annarra byggðasamlaga aðildarsveitarfélaganna í samræmi við óskir stjórnar þeirra hverju sinni.
- * **Sinna verkefnum skv. heimild í sérlögum sem tengjast hlutverki og markmiðum samtakanna.**

Allsherjarnefnd hefur fjallað um tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt.

- b) Á fundi fjárhagsnefndar SASS og tengdra stofnana þann 10. október sl. var lögð fram tillaga til aðalfundar SASS árið 2011 að breytingum á samþykktum.

Lagt var til að eftirfarandi ákvæði verði bætt inn í gr. 4.4 í samþykktum SASS:

Fjárhagsnefnd er sameiginleg með SASS og tengdum stofnunum. Nefndinni er sett eitt sameiginlegt erindisbréf sem viðkomandi stjórnir staðfesta.

Lagt var til að eftirfarandi ákvæði verði bætt inn í gr. 4.5 i.f. í samþykktum SASS:

Kjörbréfanefnd er sameiginleg með SASS og tengdum stofnunum.

Gr. 4.4 myndi þá hljóða þannig eftir breytinguna:

Á aðalfundi SASS skulu kosnar eftirtaldar fastanefndir sem skipaðar skulu 5 fulltrúum, og öðrum 5 til vara: samgöngunefnd, velferðarnefnd, menntamálanefnd, fjárhagsnefnd sem fjallar um fjárhagsáætlun og önnur fjármál samtakanna. Auk þess skal kjósa 7 fulltrúa í kjörnefnd og jafn marga til vara sem gerir tillögur til aðalfundar um kjör í stjórn og nefndir. **Fjárhagsnefnd er sameiginleg með SASS og tengdum stofnunum. Nefndinni er sett eitt sameiginlegt erindisbréf sem viðkomandi stjórnir staðfesta.** Jafnframt skulu kosnir 5 aðalmenn í Menningarráð Suðurlands og jafn margir til vara. Formenn og varaformenn nefnda og ráða skulu kosnir sérstaklega. Stjórn SASS skal setja nefndum og ráðum erindisbréf að fenginni tillögu viðkomandi nefnda og ráða.

Gr. 4.5 myndi þá hljóða þannig eftir breytinguna:

Á aðalfundi skulu kosnar starfsnefndir fundarins; kjörbréfanefnd sem fer yfir kjörbréf fulltrúa, allsherjarnefnd, mennta- og menningarmálanefnd umhverfis- og skipulagsnefnd, velferðarnefnd, atvinnumálanefnd, samgöngunefnd og auk þess málefnanefndir sem fjalla um einstök mál sem eru til umræðu. **Kjörbréfanefnd er sameiginleg með SASS og tengdum stofnunum.**

Allsherjarnefnd hefur fjallað um tillögurnar og leggur til að fjárhagsnefnd verði ekki fastanefnd heldur starfsnefnd skv. grein 4.5 í samþykktum SASS og samþykktum verði breytt í þá veru á næsta aðalfundi SASS.

2. Tillaga um breytingar á samþykktum Skólaskrifstofu Suðurlands.

- a) Eftirfarandi tillaga á breytingum á samþykktum Skólaskrifstofu Suðurlands var samþykkt á 134. fundi stjórnar Skólaskrifstofu Suðurlands 6. október 2011:

Lagt er til að liður 4.4 um kosningu í starfsnefndir verði felldur út:

Gr. 4.4

~~Á aðalfundi skulu kosnar starfsnefndir fundarins; kjörbréfa- og kjörnefnd sem fer yfir kjörbréf fulltrúa og gerir tillögur um kjör í stjórn og nefndir samkvæmt þessari grein, fjárhagsnefnd, sem fjallar um fjárhagsáætlun og önnur fjármál skrifstofunnar, allsherjarnefnd, og auk þess málefnanefndir sem fjalla um einstök mál sem eru til umræðu.~~

Lagt er til að lið 5.6 um sameiginlega starfsmanna- og launastefnu verði breytt til samræmis við breytingar á samþykktum annarra byggðasamla sunnlenskra sveitarfélaga á Austurvegi 56:

Gr. 5.6

Starfsmannastefna skal unnin og staðfest af stjórn. Framkvæmdastjóri Skólaskrifstofu Suðurlands ber ábyrgð á að starfsmanna- og launastefnu verði fylgt.

~~Starfsmanna- og launastefna er sameiginleg með Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Atvinnuþróunarfélagi Suðurlands, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og Skólaskrifstofu Suðurlands. Umsjón launa og starfsmannastefnunnar er í höndum Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga.~~

Allsherjarnefnd hefur fjallað um tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt en beinir því til stjórnar SASS að unnin verði sameiginleg launa- og starfsmannastefna fyrir byggðarsamlögin að Austurvegi 56.

- b) Á fundi fjárhagsnefndar SASS og tengdra stofnana þann 10. október sl. var lögð fram tillaga til aðalfundar Skólaskrifstofu Suðurlands árið 2011 að breytingum á samþykktum.

Lagt var til að eftirfarandi gr. 4.4 í samþykktum Skólaskrifstofu Suðurlands verði breytt í eftirfarandi:

Á aðalfundi skal kosin fjárhagsnefnd sem fjallar um fjárhagsáætlun og önnur fjármál stofnunarinnar og starfar á milli aðalfunda. Fjárhagsnefnd er sameiginleg með SASS og tengdum stofnunum. Nefndinni er sett eitt sameiginlegt erindisbréf sem viðkomandi stjórnir staðfesta.

Á aðalfundi skal jafnframt kosin kjörbréfanefnd sem fer yfir kjörbréf fulltrúa á fundinum. Kjörbréfanefnd er sameiginleg með SASS og tengdum stofnunum.

Allsherjarnefnd hefur fjallað um tillöguna og leggur til að fjárhagsnefnd verði ekki fastanefnd heldur starfsnefnd skv. grein 4.5 í samþykktum SASS og samþykktum verði breytt í þá veru á næsta aðalfundi SASS.

3. Tillaga um breytingar á samþykktum Atvinnuþróunarfélags Suðurlands.

- a) Á fundi fjárhagsnefndar SASS og tengdra stofnana þann 10. október sl. var lögð fram tillaga til aðalfundar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands árið 2011 að breytingum á samþykktum.

Lagt var til að eftirfarandi grein verði bætt inn í samþykktir Atvinnuþróunarfélags Suðurlands:

Á aðalfundi skal kosin fjárhagsnefnd sem fjallar um fjárhagsáætlun og önnur fjármál stofnunarinnar og starfar á milli aðalfunda. Fjárhagsnefnd er sameiginleg með SASS og tengdum stofnunum. Nefndinni er sett eitt sameiginlegt erindisbréf sem viðkomandi stjórnir staðfesta.

Á aðalfundi skal jafnframt kosin kjörbréfanefnd sem fer yfir kjörbréf fulltrúa á fundinum. Kjörbréfanefnd er sameiginleg með SASS og tengdum stofnunum.

Allsherjarnefnd hefur fjallað um tillöguna og leggur til að fjárhagsnefnd verði ekki fastanefnd heldur starfsnefnd skv. grein 4.5 í samþykktum SASS og samþykktum verði breytt í þá veru á næsta aðalfundi SASS.

Allsherjarnefnd vill gera athugasemdir við samþykkt aðalfundar APS um breytingu á samþykktum APS til bráðabrigða varðandi grein 6.1 um framlag sveitarfélaga. Eðlilegra er að málinu hafi fyrst verið vísað til Allsherjarnefndar eins og með aðrar breytingar á samþykktum þó nefndin kvarti ekki undan verkefnaskorti.

4. Tillaga um breytingar á samþykktum Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

Á fundi fjárhagsnefndar SASS og tengdra stofnana þann 10. október sl. var lögð fram tillaga til aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands árið 2011 að breytingum á samþykktum.

Lagt var til eftirfarandi grein verði bætt inn í samþykktir Heilbrigðiseftirlits Suðurlands:

Á aðalfundi skal kosin fjárhagsnefnd sem fjallar um fjárhagsáætlun og önnur fjármál stofnunarinnar og starfar á milli aðalfunda. Fjárhagsnefnd er sameiginleg með SASS og tengdum stofnunum. Nefndinni er sett eitt sameiginlegt erindisbréf sem viðkomandi stjórnir staðfesta.

Á aðalfundi skal jafnframt kosin kjörbréfanefnd sem fer yfir kjörbréf fulltrúa á fundinum. Kjörbréfanefnd er sameiginleg með SASS og tengdum stofnunum.

Allsherjarnefnd hefur fjallað um tillöguna og leggur til að fjárhagsnefnd verði ekki fastanefnd heldur starfsnefnd skv. grein 4.5 í samþykktum SASS og samþykktum verði breytt í þá veru á næsta aðalfundi SASS.

5. Tillaga um breytingar á samþykktum Sorpstöðvar Suðurlands.

Á fundi fjárhagsnefndar SASS og tengdra stofnana þann 10. október sl. var lögð fram tillaga til aðalfundar Sorpstöðvar Suðurlands árið 2011 að breytingum á samþykktum.

Lagt var til að eftirfarandi grein verði bætt inn í samþykktir Sorpstöðvar Suðurlands:

Á aðalfundi skal kosin fjárhagsnefnd sem fjallar um fjárhagsáætlun og önnur fjármál stofnunarinnar og starfar á milli aðalfunda. Fjárhagsnefnd er sameiginleg með SASS og tengdum stofnunum. Nefndinni er sett eitt sameiginlegt erindisbréf sem viðkomandi stjórnir staðfesta.

Á aðalfundi skal jafnframt kosin kjörbréfanefnd sem fer yfir kjörbréf fulltrúa á fundinum. Kjörbréfanefnd er sameiginleg með SASS og tengdum stofnunum.

Allsherjarnefnd hefur fjallað um tillöguna og leggur til að fjárhagsnefnd verði ekki fastanefnd heldur starfsnefnd skv. grein 4.5 í samþykktum SASS og samþykktum verði breytt í þá veru á næsta aðalfundi SASS.

6. Tillaga um breytingar á samþykktum Menningarráðs Suðurlands.

Á aðalfundi SASS lágu fyrir tillögur að breytingum á samþykktum Menningarráðs Suðurlands.

Lagt var til að í grein 2 bætist við “**Sveitarfélagið Hornafjörður**”.

Þá var lagt til að bráðabrigðaákvæði í lok samþykktanna um að “fulltrúar í fyrsta Menningarráði Suðurlands eru skipaðir af stjórn SASS og skulu sitja fram að næsta aðalfundi SASS í nóvember 2007” falli niður.

Allsherjarnefnd hefur fjallað um tillögurnar og leggur til að þær verði samþykktar.

7. Tillögur stjórnar SASS til ársþings SASS 2011.

Fangelsismál Ársþing SASS, haldið í Vík 28. og 29. október 2011, leggur mikla áherslu á að nýju fangelsi sem fyrirhugað er að reisa verði valinn staður í tengslum við núverandi ríkisfangelsi á Litla-Hrauni. Áratugahefð er fyrir starfsemi fangelsis á Litla-Hrauni í góðri sátt við samfélagið. Mikil þekking og reynsla er þar fyrir hendi auk þess sem landrými er nægt. Einnig er ljóst að hagkvæmara er að auka við núverandi starfsemi þar sem sameiginleg stoðþjónusta og aðstaða nýtist en að koma á fót nýrri stofnun. Þá hefur Sveitarfélagið Árborg lýst sig reiðubúið til samstarfs við ríkisvaldið um frekari uppbyggingu. Ársþingið skorar á Alþingi og innanríkisráðherra að taka tillit til þessara sjónarmiða þegar endanleg ákvörðun verður tekin um staðsetningu fangelsis.

Allsherjarnefnd tekur undir ályktun stjórnar SASS.

b) Breyting á lögregluumdæmum Ársþing SASS, haldið í Vík 28. og 29. október 2011, leggst eindregið gegn tillögum sem fram hafa komið á Alþingi um breytingu á lögregluumdæmum.

Ástæður þessarar afstöðu eru eftirfarandi. Í fyrsta lagi er óljóst hvernig útfærslu laganna verður háttað þar sem sérstakri verkefnisstjórn er ætlað að móta meginstefnu um uppbyggingu, skipulag og viðfangsefni lögregluembættanna. Alþingi framselur þar með vald sitt í hendur embættismanna. Í öðru lagi liggur ekki fyrir hagkvæmniathugun vegna þessara skipulagsbreytinga og því alls óvíst að tilgangi skipulagsbreytinganna verði náð. Í þriðja lagi liggur fyrir að Suðurland hefur ákveðna sérstöðu varðandi náttúruvá og nægir þar að minna á jarðskjálftana á Suðurlandi árin 2000 og 2007 og eldgos í Grímsvötnum, eldgos í Eyjafjallajökli 2010 og á Heimaey 1973 auk fleiri eldgosa á svæðinu. Tekist hefur að byggja upp mikla þekkingu hjá starfsfólki embættanna á vettvangi almannvarna. Mikilvægir þættir í því sambandi er þekking á staðháttum og nánd við íbúana. Með stækkun embættis lögreglustjóra lengjast boðleiðir hjá embætti sem stjórnað er lengra frá hinum raunverulegu atburðum og íbúum áhrifasvæða. Á Suðurlandi hafa Vestmannaeyjar sérstöðu vegna landfræðilegrar stöðu sinnar. Samgöngur eru ótryggar við Eyjarnar auk þess sem íbúafjöldi í Eyjum margfaldast oft á ári vegna ferðamanna eins og gildir raunar um allt Suðurland. Í fjórða lagi bendir ársþingið á að ekki virðist samræmi í tillögunum hvað varðar fjölda embætta eftir kjördæmum. Þannig verða 3 embætti í Norðvesturkjördæmi, fámennasta kjördæmi landsins, en tvö í hinum landsbyggðarkjördæmunum. Í fimmta og síðasta lagi bendir stjórn SASS á að hér er verið taka enn eitt skrefið sem veikir stöðu landsbyggðarinnar með óhjákvæmilegri fækkun opinberra starfa en sem er í andstöðu við yfirlýstan vilja stjórnvalda í byggðamálum.

Allsherjarnefnd tekur undir ályktun stjórnar SASS.

- c) **Stuðningur við sveitarfélög á áhrifasvæði eldgosa.** Ársþing SASS, haldið í Vík 28. og 29. október 2011, hvetur stjórnvöld til að styðja enn frekar þau byggðarlög á Suðurlandi sem hafa orðið fyrir búsigjum vegna eldgosa á undanförunum misserum. Ljóst er að tjón hefur í sumum tilfellum verið verulegt og jafnvel varanlegt. Ástandið er alvarlegast í V-Skaftafellssýslu þar sem sveitarfélögin hafa átt við fólksfækkun að etja og erfiðan rekstur. Mikilvægt er því að stjórnvöld grípi til viðeigandi ráðstafana til að styrkja byggð á þessum svæðum.

Allsherjarnefnd tekur undir ályktun stjórnar SASS en leggur til að bætt verði við orðalag ályktunnar í lokin þannig að tekið verði fram að „og einnig verði horft til áhrifasvæða eldgosana í heild“.

- d) **Jafnræði á milli landshluta** Ársþing SASS, haldið í Vík 28. og 29. október 2011, hvetur stjórnvöld til að endurskoða vinnubrögð við uppbyggingu opinberra þjónustu og úthlutun fjarmagns á landsbyggðinni og tekið verði tillit til íbúafjölda, vegalengda og fleiri atriða. Þetta á við um opinbera þjónustu eins og löggæslu og heilbrigðisþjónustu og einnig framlög til menningarsamninga, atvinnuþróunarfélaga og þekkingar- og háskólasetra svo dæmi séu tekin. Ekki verður við unað til frambúðar að búa við það ójafnræði sem ríkir í þessum efnunum.

Allsherjarnefnd tekur undir ályktun stjórnar SASS.

8. Fækkun sýslumannsembættanna.

Í ljósi ræðu Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra á ársþingi SASS um fækkun sýslumannsembættanna leggur allsherjarnefnd til að eftirfarandi tillögu.

Ársþing SASS, haldið í Vík 28. og 29. október 2011, hvetur stjórnvöld til að taka tillit til landfræðilega aðstæðna við fyrirhugaðar breytingu á sýslumannsembættunum.

9. Skýrsla um eflingu sveitarstjórnarstigs.

Fyrir liggur tillaga stjórnar SASS til aðalfundar SASS 2011.

Stjórn SASS leggur til að í framhaldi úttektar Sigurðar Tómasar Björgvinssonar um eflingu sveitarstjórnarstigsins, verði skipuð nefnd sem vinni áfram að útfærslu framkominna tillagna. Nefndin fjalli sérstaklega um hugsanleg samlegðar- og hagræðingaráhrif sem skapast gætu við sameiningu stofnana.

Allsherjarnefnd leggur til að stjórn SASS og stjórn APS verði falið að skipa starfshóp sem hafi það að markmiði að sameina SASS og APS. Fyrir er starfandi starfshópur um eflingu sveitarstjórnarstigsins á Suðurlandi og verði honum falið að vinna úr efni skýrslunnar.

10. Aukaframlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Fyrir liggur tillaga um ályktun vegna aukaframlags í Jöfnunarsjóð Suðurlands.

Ársþing SASS, haldinn í Vík í Mýrdal 28. og 29. október 2011 mótmælir harðlega þeirri fyrirætlun fjármálaráðherra og innanríkisráðherra að taka 300 m.kr. af 700 m.kr. aukaframlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á þessu ári og verja fjárhæðinni til eins sveitarfélags í fjárhagsvanda, gegn mótmælum Sambands íslenskra sveitarfélaga. Verði af þessum áformum munu einungis 400 m.kr. verða til ráðstöfunar fyrir öll önnur sveitarfélög sem eiga í fjárhagsörðuleikum, sem er allt of lág fjárhæð m.v. þörf þeirra.

Ársþing SASS krefst þess, nái vilji ráðherranna fram að ganga, að samþykkt verði a.m.k. 200 m.kr. aukafjárveiting í fjárukalögum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga svo a.m.k. 600 m.kr. verði til ráðstöfunar til annarra sveitarfélaga, sem glíma við erfiða fjárhagsstöðu. Jafnframt tekur ársþing SASS undir þá stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga að varið verði a.m.k. 1.200 m.kr. á

ári næstu ár í aukaframlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til aðstoðar sveitarfélögum sem eru í fjárþörf vegna erfiðra rekstrarskilyrða.

Allsherjarnefnd leggur til að þessi ályktun verði samþykkt.

11. Fundargögn

Allsherjarnefnd vill benda á gott fordæmi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands varðandi útsendingu fundargagna núna á aðalfundi HES sem sé til eftirbreytni fyrir SASS og byggðasamlögin að Austurvegi 56.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Til máls tóku: Aldís Hafsteinsdóttir og Gunnar Örn Marteinnsson

Fundarstjóri bar tillögur upp til atkvæða. Samþykktar samhljóða.

g) Fjárhagsnefnd

Ásta Stefánsdóttir gerði grein fyrir álitum fjárhagsnefndar, en eina tillaga sem fjárhagsnefnd fékk til umfjöllunar var tillaga frá stjórn SASS að samningi aðildarfélaga SASS um ábyrgðar- og kostnaðarskiptingu vegna almenningsamgangna og leggur nefndin til að svonefnd blönduð leið verði farið í þessu máli.

Tillaga frá stjórn SASS að samningi aðildarsveitarfélaga SASS um ábyrgðar- og kostnaðarskiptingu vegna almenningsamgangna:

Sveitarfélögin á starfssvæði SASS gera með sér svofellt samkomulag um kostnaðarskiptingu vegna reksturs almenningsamgangna á starfssvæði SASS:

1.gr.

Rekstur almenningsamgangna á starfssvæði SASS verður fjármagnaður með árlegu framlagi frá Vegagerðinni og farþegagjöldum. Sveitarfélögin ábyrgjast hugsanlegan umframkostnað þar sem að hálfu verður miðað við íbúafjölda 1. desember ár hvert og að hálfu við ekna kílómetra hvers árs sem tengjast viðkomandi sveitarfélagi. Undantekningar eru frá þessu í eftirfarandi tilfellum:

- Þegar sveitarfélag skipuleggur akstur að öllu leyti innan marka þess er hann kostaður af sveitarfélaginu. Undantekning frá þessu er tenging milli Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyrar, enda nýtur þessi akstur framlaga frá Vegagerðinni á grundvelli sérleyfis.
- Þegar akstur fer í gegnum sveitarfélag án þess að íbúar þess fái notið þjónustunnar eru kílómetrar ekki reiknaðir á sveitarfélagið.
- Akstur frá síðasta stoppi innan Rangárbings eystra að Landeyjahöfn er reiknaður sem akstur innan Vestmannaeyjabæjar.

2.gr

Gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður almenningsamgangnanna á starfssvæðinu verði innan þeirra tekna sem fást annars vegar með framlagi Vegagerðarinnar, sem er vísitölubundið, og hins vegar af farþegagjöldum. Þó svo að skólaakstur framtíðar verði skipulagður sem hluti af almenningsamgöngukerfinu mun rekstrarkostnaður hans ekki vera talinn sem hluti af rekstrarkostnaði þeim sem hér er um rætt. Ef að horfur eru á meiri kostnaði en sem nemur tekjum skal annað hvort reynt að afla frekari styrkja til rekstursins eða draga úr þjónustu nema sveitarfélögin komi sér saman um annað. Í því skyni að koma í veg fyrir að kostnaður fari fram úr tekjum skal sá stjórn sem fer með málefni almenningsamgangna ársfjórðungslega taka saman yfirlit yfir kostnað og farþegagjöld. Ef útlit er fyrir að kostnaður innan ársins fari fram úr tekjum skal stjórnin þegar grípa til

aðgerða til að draga úr kostnaði. Í útboðsskilmálum vegna aksturs á vegum SASS verður ákvæði um að heimilt verði að minnka akstur um allt að 25% á samningstímanum.

3.gr.

Samningurinn hefur sama gildistíma og og samningur SASS og Vegagerðarinnar sbr. 8.grein þess samnings, en hann tekur gildi 1. janúar 2012 og rennur út 31.12. 2016, með framlengingarákvæðum til tveggja ára í senn.

Almenningsamgöngur á Suðurlandi - skipting umframkostnaðar							
Sveitarfélag	Skv. höfðatölu		Dæmi 1	Meðaltal ekinna kílómetra og íbúafjöl		Dæmi 2	Mismunur
	Íbúafj. 01.12.1	%		Eknir km á ár	%		
Sveitarfélagið Hornafjörður	2.116	8	81.630	116.800	13	104.222	22.593
Skafthreppur	447	2	17.244	73.000	8	48.252	31.008
Mýrdalshreppur	474	2	18.286	32.850	4	26.976	8.691
Rangárþing eystra	1.753	7	67.626	55.480	6	63.931	- 3.694
Rangárþing ytra	1.530	6	59.023	37.230	4	49.723	- 9.300
Vestmannaeyjar	4.133	16	159.440	40.880	4	101.913	- 57.527
Ásahreppur	194	1	7.484	21.900	2	15.631	8.147
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	504	2	19.443	13.140	1	16.855	- 2.588
Flóahreppur	591	2	22.799	50.370	6	38.744	15.945
Sveitarfélagið Árborg	7.818	30	301.597	272.456	30	298.707	- 2.890
Hrunamannahreppur	793	3	30.592	7.300	1	19.259	- 11.333
Bláskógabyggð	942	4	36.340	48.180	5	44.325	7.986
Grímsnes- og Grafningshreppur	401	2	15.469	18.980	2	18.038	2.569
Hveragerði	2.317	9	89.384	101.802	11	99.957	10.573
Sveitarfélagið Ölfus	1.909	7	73.644	30.660	3	53.466	- 20.178
Samtals	25.922	100	1.000.000	921.028	100	1.000.000	0

Á töflunni eru tekin tvö dæmi um hvernig einnar milljónar umframkostnaði er skipt á milli sveitarfélaganna, annars vegar skv. íbúafjölda(dæmi 1) og hins vegar skv. íbúafjölda og eknunum kílómetrum sem tengjast viðkomandi sveitarfélagi (dæmi 2). Starfshópurinn leggur til að síðari kosturinn verði valinn.

Fundarstjóri gaf orðið laust.
Enginn kvaddi sér hljóðs,

Fundarstjóri bar tillögur upp til atkvæða. Samþykktar samhljóða

16. Almennar umræður

Hörður Óli Guðmundsson kvaddi sér hljóðs og mætti í ræðustól með verðlaunagrip sinn frá kvöldinu áður (vatnskönnu) og lagði til að þessi gripur yrði hér eftir farandgripur á ársfundum SASS og keppt um hann í samstarfi sveitarfélaga. Hörður þakkaði fyrir hönd fundarmanna, gestgjöfum fundarins kærlega fyrir þessa daga, góðan mat og skemmtilegt þing og góðar stundir í súldinni.

Fundarstjóri þakkaði hlý orð í garð Mýrdælinga og starfsmanna fundarins og þakkaði fundarmönnum fyrir komuna og góðan fund og óskaði þeim góðrar heimferðar.

Elfa Dögg Þórðardóttir formaður stjórnar SASS kvaddi sér hljóðs þakkaði einnig gestgjöfum fundarins fyrir góðar móttökur og gott skipulag á fundinum starfsmönnum fundarins fyrir vel unnin störf á ársþinginu og bar upp þá tillögu að ársfundurinn feli fundarritara og fundarstjóra að ganga frá fundargerð fundarins. Þá tilkynnti hún að Rangárþing – ytra hafi boðið til næsta ársþings SASS, óskaði öllum góðrar heimferðar og sleit 42. ársþingi SASS 2011 kl. 16.35.